



7. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025-2026

22. september 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB) Ívar Hauksson (ÍH), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS), Hákon Leifsson (HL) og Einar Gíslason (EG),.

Fjarverandi: Enginn

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð var samþykkt samhljóða.

2. Æskulýðsnefnd - dagskrá vetrarins og umræða um æskulýðsstarf félagsins

a. Æskulýðsnefnd og starfið

Henna Siren, formaður æskulýðsnefndar Fáks fór yfir starf nefndarinnar í vetur. HS bað Hennu um að gera áætlun um búnað sem þau vilja kaupa og hugmyndir þeirra um styrki til æskulýðsstarfsins.

HS bað Hennu að setja saman í nokkrum línunum um hlutverk og markmið æskulýðsnefndar.

b. Fákar og fjör

HS, EG, RÁS og VFS hittu Karen og Sif í síðustu viku til að fara yfir starf Fáka og fjörs. Fóru þær yfir starfið og skapaðist góð umræða um það.

c. Félagshesthús

Á fundinum með Karen og Sif skapaðist mikil umræða um félagshesthúsið. Þörf er að kanna hvort þörf er á meira utanumhaldi utan um krakkana sem eru þarna og einnig utan um foreldrana. Einnig var rætt um að þörf væri á því að gera foreldra ábyrgari. Niðurstaðan er að Karen og Sif ætla að stilla upp smá yfirliti hvað umsjónarmaður ætti að vera að gera. Fákur þarf svo að kanna hvort ástæða sé til þess að ráða umsjónarmann yfir félagshesthúsið sem tæki utan um starfið þar og kenndi krökkunum umgengni við hestana og hesthúsið. Mögulega þyrfti að sækja fjármagn í þetta verkefni sérstaklega.

d. Íþróttasjóður Rannís - umsókn um styrk til mótunar þjónustu í félagshesthúsi

HS lagði fram drög að styrkbeiðni til íþróttasjóðs Rannís um styrk til mótunar og þarfagreiningar þjónustu og námskeiða í félagshesthúsi.

Voru þau samþykkt samhljóða.

3. Nefndir og nefndarstarf

HS hefur haft samband við mótanefnd og boðað nefndina á næsta fund stjórnar. Hún hefur einnig beðið hana um að hafa samband við áhugasama um starf í nefndinni.

Haldinn verður fundur á morgun með áhugasömum um að starfa í Öryggisnefnd. Hugmyndin er að Öryggisnefnd starfi til hliðar við reiðveganefnd. Einnig hafa áhugasamir um útreiða- og ferðanefnd verið boðaðir á fund þann 29. sept næstkomandi. HS bað VFS um að ganga eftir því að æskulýðsnefnd hafi samband við þau sem höfðu áhuga á að starfa með æskulýðsnefnd.

RÁS upplýsti að hún sé búin að koma á legg kynbótanefnd og mun hún funda á næstu dögum.

4. Val á afreksknöpum

EG fór yfir uppfærða reglur við val á afreksknöpum félagsins.

Reglurnar voru samþykktar samhljóða.

5. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

HS lagði til að þeir stjórnarmeðlimir sem ekki sátu síðasta fund myndu kynna sér gátlista ÍSÍ að fyrirmyndarfélagi.

a. Siðareglur

HS fór yfir siðareglur sem unnar hafa verið fyrir Fák. Siðareglurnar eru blanda af siðareglum ÍSÍ, LH og Sprettis og gerðar að okkar með nokkrum viðbótum.

Með smávægilegum breytingum voru siðareglurnar samþykktar samhljóða. Siðareglurnar verða birtar á vef félagsins.

b. Hegðunarviðmið

Hegðunarviðmið voru unnin upp úr hegðunarviðmiðum ÍSÍ, með þeirri einu breytingu að tekið var út að þjálfari eigi að forðast að vera einn með nemanda. Þetta á ekki við í tilfelli hestaíþróttarinnar þar sem um er að ræða einstaklingsíþrótt.

Hegðunarviðmið voru samþykkt samhljóða. Hegðunarviðmiðin verða birt á vef félagsins.

c. Skipurit

HS lagði fyrir drög að skipuriti fyrir fundinn. Umræður um skipuritið. Skipuritið var samþykkt samhljóða. HS mun þó leggja smá vinnu í að teikna það upp aftur.

d. Viðbragðsáætlun vegna ofbeldis og eineltis

HS lagði fyrir drög að viðbragðsáætlun vegna ofbeldis og eineltis.

Viðbragðsáætlunin var samþykkt samhljóða. Viðbragðsáætlunin verður birt á vef félagsins ásamt tengli á samskiptafulltrúa ÍSÍ.

6. Almennadálur

a. Fundur með deildarstjóra umbóta og upplýsingamála Reykjavíkurborg

HS og EG upplýstu að þau funduðu með deildarstjóra umbóta og upplýsingamála hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar um stöðuna í Almennadal. Áhersla lögð á að stöðva framkvæmdir við Almennadal 9 en nú fyrst er komin samskiptaleið fyrir félagið inn í borgina vegna Almennadals. Jákvæður fundur og við munum taka stöðuna aftur þegar hún er búin að skoða málefni Almennadals 9.

b. Almennadalur 9

Daginn eftir fundinn í Reykjavíkurborg hófu byggingaraðilar að Almennadal 9 framkvæmdir á lóðinni, þrátt fyrir að vera upplýstir um að þeir fengju ekki lóðarleigusamning fyrir byggingunni, né eignaskiptasamningi þinglýstum. HS hefur upplýst borgina um framkvæmdirnar daglega og krafist þess að þær verði stöðvaðar og byggingarleyfi sem hefur verið útgefið verði fellt niður.

c. Almennadalur 13/15

HS fékk ábendingu um að hross sem nýtt eru í hestaleigunni Víking hestar séu látin hirst í skít og drullu í girðingu á óbyggðri lóð Almennadals 15. Ítrekað hefur verið reynt af EG og fyrri formanni að tala við viðkomandi aðila og biðja hann að láta af þeirri iðju að beita hestum á þetta svæði enda er það í óleyfi gert. HS sendi ábendingu á MAST um að hrossum sem nýtt eru í hestaleigunni væru í þessari girðingu við illan kost. HS sýndi myndir sem henni hafði borist af viðkomandi hestum.

d. Húsnæðis og mannvirkjastofnun (HMS)

HS upplýsti að hún hefði fengið viðbrögð frá HMS um að málið hafi verið mótttekið en ekki fengið frekari viðbrögð þaðan. Mun halda þessu opnu hjá HMS á meðan við erum að sjá hvort borgin muni bregðast við okkar ábendingum vegna Almennadals

e. Dómsmál til ógildingar úrskurði umhverfis- og auðlindamála

HS sagði að rétt sé að biðja með að kanna með dómsmál á meðan verið er að kanna hvort byggingarfulltrúi muni bregðast við Almennadal 9.

7. Mót til umsóknar hjá LH

LH auglýsir eftirfarandi mót laus til umsóknar

- Íslandsmót fullorðinna 2028
- Íslandsmót barna og unglinga 2028
- Íslandsmót í gæðingalist 2026
- Áhugamannamót Íslands 2026

Stjórn er sammála því að ekki er áhugi fyrir að sækja um þessi mót. Félagið á nóg með að sjá um og reka Reykjavíkumeistaramótið.

8. Framkvæmd Veitna við Suðuræð

Veitur eru að fara í framkvæmdir á Suðuræð frá Suðurlandsvegi að Þingtorgi. Reiðstígur að Rauðavatni verður lokaður frá 15. júní og fram að verklokum haust 2026. Einnig þarf að tengja lögnina við eldri lögn sem liggur undir reiðstíg við austurhluta Rauðavatns sem verður þá einnig lokaður vegna framkvæmda. Árið 2027 verður framkvæmdinni haldið áfram fyrir austan Rauðavatn og verður þá reiðstígur á austurhlið Rauðavatns lokaður á meðan. Árið 2028 verður framkvæmdinni haldið áfram upp Hólmsheiði að hitaveitutönkunum.

HS og EG munu skrifa tilkynningu til félagsmanna vegna þessa og birta á vef Fáks.

9. Skipulagslýsing Heiðmerkur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur í gær var tekin fyrir skipulagslýsing Heiðmerkur og umsagnir um hana. Meðfylgjandi er kynning sem var flutt fyrir ráðinu. Við hestamenn fengum eina glæru fyrir okkar sjónarmið sem er mjög sterkt og nokkur áfangasigur. Hestamenn eru eini staki útivistarhópurinn sem fær sérstaka umfjöllun í skýrslunni.

Nú er bara að standa vaktina þegar skipulagsferlið byrjar.

10. Önnur mál

a. Reiðleið um golfvöll GR

HS sagði frá því að hún hafi verið í samskiptum við GR og það sé verið að vinna í reiðleiðinni. GR verður í sambandi þegar reiðleiðin verður tilbúin til úttekta.

b. Frekari umræður um félagshesthús

Frekari umræður áttu sér stað um fyrirkomulag í félagshesthúsi.

Fleira var ekki rætt.

Fundi var slitið 18:50.